

Pórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000, greiðist úr rikissjóði.

Fimmtudaginn 13. mars 1975.

Nr. 7/1974. Sigmundur P. Lárusson

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Konráði Ó. Sævaldssyni

(Jón Ólafsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómurarnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Fjárnámssgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstarétts.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstarétts með stefnu 10. janúar 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í heraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og hinnar áfrýjuðu fjárnámssgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 4. nóvember 1971 gerðu Jón Oddsson héraðsdomslögmaður og afrýjandi svofellda dómssatt á bæjarþingi Reykjavíkur:

„Stefndi, Sigmundur Lárusson, Langagerði 86, Reykjavík, greiði stefnanda, Jóni Oddssyni, hdl., Reykjavík, kr. 200.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamán, af kr. 100.000.00 frá 15. júní 1971 til 15. ágúst s. á. og af kr. 200.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 480.00 í víxilkostnað og kr. 23.240.00 í málskostnað þannig: kr.

100.000.00 15. nóvember 1971 og eftirstöðvar fyrir 30. des. 1971.

Greiðslur fari fram á skrifstofu Jóns Oddssonar hdl., Reykjavík.

Falli ein greiðsla niður er öll skuldin í gjalddaga fallin“.

Áfrýjandi stóð eigi í skilum samkvæmt dómssátt þessari, og hefur krafan samkvæmt henni verið framseld stefnda.

Er dómssáttin aðfararheimild sú, sem mál þetta byggist á.

Þegar fjárnámsbeiðni stefnda var tekin til meðferðar í fógetarétti 22. nóvember 1973, var liðinn ársfrestur sá, er getur í 9. gr. laga nr. 19/1887, og var eigi fullnægt skilyrðum greinarinnar um birtingu greiðsluáskorunar á hendur gerðarþola. Varð fjárnám því eigi framkvæmt til tryggingar skuldinni. Gat frestun málsins fyrir fógetaréttinum eigi bætt úr þessum ágöllum. Af þessu leiðir, að fella verður úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 25.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eru felld úr gildi.

Stefndi, Konráð Ó. Sævaldsson, greiði áfrýjanda, Sigmundi P. Lárussyni, kr. 25.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. desember 1973.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 27. f. m.

Með bréfi til yfirborgarfógetans, dags. 13. nóvember sl., óskaði Ólafur Þorláksson héraðsdómslögmaður þess f. h. gerðarbeiðanda, að fjárnám yrði gert í eignum gerðarþola til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 35.000 með vöxtum og kostnaði, eins og réttarskjal nr. 1 ber með sér.

Þegar málið kom fyrir í fógetaréttinum hinn 22. f. m., mætti Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður fyrir hönd gerðarþola

og krafðist þess, að hin umbeðna gerð næði eigi fram að ganga. Lagði lögmaðurinn fram aðiljaskýrslu, þar sem rakin eru fjármálaleg viðskipti málsaðilja, og telur gerðarþoli í skýrslunni, að gerðarbeiðandi hafi svikið út úr sér fjármuni með ólögmætum hætti.

Lögmaður gerðarbeiðanda lagði fram í sama réttarhaldi aðiljaskýrslu ásamt fimm fylgiskjölum, þar sem mótmælt var áburði gerðarþola á gerðarbeiðanda í skýrslu þess fyrrnefnda.

Við munnlegan málflutning hreyfði lögmaður gerðarþola því, að gerðin mætti ekki fara fram með tilvísun til 9. gr. laga um aðför nr. 19 frá 4. nóvember 1887, en þar segir, að ef dómhafi lætur meir en eitt ár líða frá því, að aðför gat fram farið, þá sé hann skyldur til með nótariáláskorun eður með áskorun, er hann lætur stefnuvotta birta dómfellda, að skora á hann að fullnægja dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður veðbréfinu, og má þá eigi aðför gera, fyrr en liðnar eru 3 vikur frá þessari áskorun.

Aðfararheimild sú, sem fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda byggist á, er sátt bæjarþings Reykjavíkur frá 4. nóvember 1971. Engin greiðsluáskorun hafði farið fram, en jafna má fyrirtekt málsins í fógetarétti hinn 22. nóvember sl. við greiðsluáskorun.

Fógeti ákvað því með bókun í fógetaþók að fresta uppkvaðningu efnisúrskurðar í máli þessu til dagsins í dag, en nú eru liðnar þrjár vikur frá því, að málið var fyrst tekið fyrir í fógetaréttinum.

Er því ekkert því til fyrirstöðu að kveða upp efnisúrskurð í málinu.

Gerðarþoli telur, að gerðarbeiðandi hafi svikið út úr sér fjármuni með ólögmætum hætti. Stafi skuldin samkvæmt fjárnámsbeiðninni af þessu ólögmæta atferli gerðarbeiðanda. Ekki hefur þó gerðarþoli gert reka að því árum saman að knýja fram saka-dómsrannsókn út af þessu meinta misferli. Hann gekkst undir sáttina á dómsskjali nr. 2 af fúsum og frjálsum vilja. Gætti dómarrinn og leiðbeiningarskyldu sinnar og brýndi fyrir gerðarþola þýðingu sáttarinnar.

Fógetinn fær ekki séð, að óljósar fullyrðingar gerðarþola um meint fjársvik gerðarbeiðanda geti staðið í vegi fyrir framgangi gerðarinnar samkvæmt óvefenginni aðfararheimild, þ. e. sáttinni frá 4. nóvember 1971, enda eigi 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 hér ekki við.

Samkvæmt framansögðu verður að úrskurða, að hin umbeðna fjárnámsgerð nái fram að ganga.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að telja.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Sigmundur Lárússon, greiði gerðarbeiðanda, Konráði Ó. Sævaldssyni, kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 14. desember 1973.

Ár 1973, föstudaginn 14. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Langagerði 86 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Jóni P. Emils með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-2591/1973: Konráð Ó. Sævaldsson gegn Sigmundi Lárússyni.

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ólafur Þorláksson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 200.000 með 1% mánaðarvöxtum af kr. 100.000 frá 15. júní 1971 til 15. ágúst s. á. og af kr. 200.000 frá þeim degi til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 480 í stimpil- og víxilkostnað, kr. 23.240 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, ritlaun kr. 800.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Guðbrandur Benediktsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign/arhluta gerðarþola í fasteigninni Langagerði 86.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.